

REGLUGERÐ

um talningu atkvæða.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að atkvæði í kosningum séu talin með nákvæmum, öruggum og rekjanlegum hætti í samræmi við ákvæði kosningalaga.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um talningu atkvæða í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur.

3. gr.

Ábyrgð yfirkjörstjórna.

Talning atkvæða í alþingiskosningum, forsetakjöri og þjóðaratkvæðagreiðslu fer fram á ábyrgð yfirkjörstjórnar kjördæmis. Yfirkjörstjórn kjördæmis getur ákveðið að auk talningar hjá henni geti talning farið fram hjá umdæmiskjörstjórn á öðrum stað í kjördæminu til að auðvelda og flýta fyrir talningu. Ákvæði reglugerðar þessarar gilda eftir því sem við á um talningu atkvæða hjá umdæmiskjörstjórn.

Talning atkvæða í sveitarstjórnarkosningum fer fram á ábyrgð yfirkjörstjórnar sveitarfélags.

Yfirkjörstjórn kjördæmis og yfirkjörstjórn sveitarfélags skulu tryggja að atkvæði í kosningum séu talin af nákvæmni í samræmi við ákvæði kosningalaga og reglugerðar þessarar, þ.m.t. að talning sé unnin af starfsfólki sem hefur fengið fræðslu og þjálfun í talningu atkvæða, á stað þar sem öryggi og hnökralaus talning atkvæða er tryggð, að nauðsynleg aðföng séu til staðar, að talning sé unnin með fagleg vinnubrögð að leiðarljósi, framvinda talningar og ákvarðanir sem tengdar eru henni séu skráðar í gerðabók og að mögulegt sé að sannreyna niðurstöður talningar.

4. gr.

Orðskýringar.

Ágreiningsseðlar: Vafaatkvæði sem yfirkjörstjórn tekur til úrskurðar vegna ágreinings milli yfirkjörstjórnar og umboðsmanna framboða um hvort atkvæðið teljist gilt.

Breyttur atkvæðaseðill: Atkvæðaseðill þar sem kjósandi hefur breytt nafnaröð á þeim framboðslista sem hann kýs eða strikað yfir nafn frambjóðanda á lista.

Fyrri hluta talningarskýrsla: Skýrsla yfirkjörstjórnar kjördæmis, í kosningum til Alþingis, þar sem niðurstaða talningar atkvæða er skráð, þar sem fram koma upplýsingar um atkvæðafjölda hvers framboðslista, fjölda greiddra atkvæða og fjölda auðra og annarra ógildra atkvæðaseðla.

Kosningaskýrsla í kosningum til Alþingis: Annars vegar skýrsla landskjörstjórnar um niðurstöður kosninga, úthlutun þingsæta og yfirlit yfir þingmenn og varaþingmenn eftir kjördæmum og hvernig minnsta mögulega hreyfing atkvæða hefði getað haft áhrif á úrslit kosninganna og úthlutun þingsæta. Hins vegar skýrsla landskjörstjórnar um úrslit kosninga í hverju kjördæmi fyrir sig þegar tekið hefur verið tillit til breytinga kjósenda á röð frambjóðenda.

Kosningaskýrsla við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslu: Skýrsla landskjörstjórnar um niðurstöðu kosninga.

Kosningaskýrsla í kosningum til sveitarstjórna: Skýrsla yfirkjörstjórnar sveitarfélags til landskjörstjórnar þar sem gerð er grein fyrir úrslitum kosninga.

Óbundnar kosningar: Kosning til sveitarstjórna sem ekki er bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því.

Óvistuð atkvæði: Utankjörfundaratkvæði sem berast fyrir lok kjörfundar í aðra kjördeild en kjósendi tilheyrir og ekki tekst að koma til skila í rétta kjördeild fyrir lok kjörfundar.

Seinni hluta talningarskýrsla: Skýrsla yfirkjörstjórnar kjördæmis, í kosningum til Alþingis, þar sem fram koma atkvæðatölur frambjóðanda í einstök sæti eftir að tekið hefur verið tillit til breytinga kjósenda á röð frambjóðenda.

Umdæmiskjörstjórn: Kjörstjórn kosin af yfirkjörstjórn kjördæmis við alþingiskosningar, við forsetakjör eða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem hefur það hlutverk að taka á móti atkvæðakössum og annast talningu atkvæða fyrir afmarkaðan hluta kjördæmis á öðrum stað en aðsetri yfirkjörstjórnar.

Vafaatkvæði: Atkvæði með öðrum merkingum en greinilegri merkingu við framboðslista, frambjóðanda eða svarkost. Vafaatkvæði skal taka til hliðar við talningu og tekur yfirkjörstjórn þau til úrskurðar.

II. KAFLI

Aðdragandi talningar atkvæða.

5. gr.

Auglýsing talningar.

Yfirkjörstjórn skal auglýsa a.m.k. sjö dögum fyrir kjördag hvar og hvenær talning atkvæða í kosningum fari fram. Auglýsinguna skal birta á vef landskjörstjórnar og í sveitarstjórnarkosningum á vef viðkomandi sveitarfélags. Þá getur yfirkjörstjórn ákveðið að birta hana víðar, s.s. í fjölmiðlum.

Yfirkjörstjórn skal a.m.k. sjö dögum fyrir kjördag, tilkynna umboðsmönnum framboða t.d. með tölvupósti, hvar og hvenær flokkun og undirbúningur talningar fari fram.

6. gr.

Talningarstaður og aðföng.

Yfirkjörstjórn skal velja hentugt húsnæði fyrir talningu atkvæða þar sem er gott aðgengi, nægt rými fyrir alla verkþætti talningar með aðstöðu fyrir yfirkjörstjórn, starfsfólk, umboðsmenn, kosninga- eftirlitsmenn, fjölmiðla og almenning sem vill fylgjast með talningu. Húsnæðið skal vera þannig búið að hægt sé að loka, læsa og innsigla talningarsal.

Yfirkjörstjórn skal tryggja að nauðsynleg aðföng séu til staðar áður en talning hefst, þ.m.t. nægur fjöldi borða og stóla, ílát til blöndunar atkvæða fyrir talningu, ílát til geymslu atkvæða eftir talningu og ritföng.

7. gr.

Starfsfólk.

Yfirkjörstjórn ræður starfsfólk til talningar atkvæða. Yfirkjörstjórn er þó heimilt að fela sveitarstjórn að ráða starfsfólk til talningar atkvæða.

Yfirkjörstjórn skal tryggja að starfsfólk fái fræðslu og þjálfun í talningu atkvæða. Áður en flokkun og undirbúningur talningar atkvæða hefst skal yfirkjörstjórn halda upplýsingafund með starfsfólki þar sem farið er yfir hlutverk yfirkjörstjórnar og umboðsmanna, fyrirkomulag talningar, verkefni starfsfólks, reglur sem gilda á talningarstað, þagnarskyldu starfsfólks og annað það sem yfirkjörstjórn telur rétt að upplýsa starfsfólk talningar um.

Starfsfólk talningar skal undirrita yfirlýsingu, rafrænt eða eigin hendi, um að halda trúnað um persónuupplýsingar sem það kann að verða áskynja um í störfum sínum.

Yfirkjörstjórn skal tilnefna talningarstjóra sem getur verið úr röðum yfirkjörstjórnar. Talningarstjóri hefur yfirumsjón með talningarferlinu og er tengiliður yfirkjörstjórnar við starfsfólk talningar.

8. gr.

Umboðsmenn.

Umboðsmenn eiga rétt á að vera viðstaddir undirbúning talningar, svo sem þegar tekið er á móti atkvæðakössum og þeir opnaðir, þegar tekið er á móti öðrum kjörgögnum og við flokkun atkvæða. Þá eiga umboðsmenn rétt á að vera viðstaddir talningu atkvæða eftir að kjörfundi lýkur og fylgjast með framkvæmd hennar og uppgjöri og vera viðstaddir úrskurði yfirkjörstjórnar um vafaatkvæði.

Séu umboðsmenn framboðs ekki viðstaddir undirbúning talningar eða talningu skal yfirkjörstjórn kalla til fólk, úr sama framboði, ef unnt er, til að gæta réttar framboðsins. Gangi það ekki eftir, skal yfirkjörstjórn engu að síður tryggja að einhver sé viðstaddur til að gæta hagsmuna framboðsins.

9. gr.

Undirbúningsfundur með umboðsmönnum.

Áður en flokkun og undirbúningur talningar atkvæða hefst skal yfirkjörstjórn halda upplýsingafund með umboðsmönnum þar sem farið er yfir hlutverk yfirkjörstjórnar og hlutverk umboðsmanna, þær reglur sem gilda á talningarstað, um athugasemdir við framkvæmd talningar og ágreining um úrskurð yfirkjörstjórnar um vafaatkvæði, heimildir umboðsmanna til að kanna frágang atkvæðakassa og innsigli, skyldur umboðsmanna til að hlíta fyrirmælum og fundarreglum yfirkjörstjórnar, rétt þeirra til bókunar og annað það sem yfirkjörstjórn telur rétt að upplýsa umboðsmenn um.

Yfirkjörstjórn skal tilnefna einn eða fleiri úr sínum röðum eða starfsmanna sinna til að vera tengiliðir við umboðsmenn á talningarstað og skal umboðsmönnum tilkynnt um það.

10. gr.

Kosningaefirlit.

Yfirkjörstjórn er skylt að taka á móti kosningaefirlitsmönnum á talningarstað sem hafa fengið heimild landskjörstjórnar til þess að fylgjast með framkvæmd kosninga skv. 138. gr. kosningalaga.

Kosningaefirlitsmenn skulu bera skilríki sem landskjörstjórn hefur látið þeim í té við störf sín og sýna þau sé þess krafist.

Skulu yfirkjörstjórnir veita kosningaefirlitsmönnum þær upplýsingar sem óskað er eftir, sé þess kostur og auðvelda þeim allt eftirlitsstarf.

Kosningaefirlitsmönnum er skylt að hlíta fyrirmælum og fundarreglum yfirkjörstjórna.

III. KAFLI

Undirbúningur og framkvæmd talningar.

11. gr.

Flokkun og undirbúningur talningar fyrir luktum dyrum.

Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra áður en kjörfundi lýkur.

Flokkun atkvæða og undirbúningur talningar skal fara fram fyrir luktum dyrum og byrgðum gluggum á talningarstað. Skal rýmið lokað, innsiglað og vaktað af hálfu yfirkjörstjórnar þar til kjörfundi er lokið.

Öllum þeim sem starfa við flokkun og undirbúning talningar og umboðsmönnum er óheimilt að hafa með sér í talningarsal síma, tölvu, heyrnartól, snjallúr eða annað fjarskiptatæki. Sama á við um hvers konar myndavélar og hljóðupptökutæki. Sé rökstuddur grunur um að starfsmaður eða umboðsmaður hafi slíkt tæki í förum sínum og neiti hann að afhenda yfirkjörstjórn tækið er honum óheimilt að vera viðstaddur flokkun atkvæða og talningu. Talningarstjóra er heimilt að nota tölvu við afstemmingu og flokkun atkvæða og undirbúning talningar. Yfirkjörstjórn skal ganga úr skugga um að tölvan sé ekki tengd neti eða öðrum fjarskiptabúnaði.

12. gr.

Talning fyrir opnum dyrum.

Talning atkvæða hefst svo fljótt sem verða má að kjörfundi loknum og skal fara fram fyrir opnum dyrum. Skal almenningi veittur kostur á að vera viðstaddur talningu atkvæða, eftir því sem húsrúm leyfir, á skilgreindu áhorfendasvæði á talningarstað. Viðstöddum ber að hlíta fyrirmælum yfirkjörstjórnar og starfsfólks hennar á talningarstað.

Yfirkjörstjórn er heimilt að vísa hverjum þeim af talningarstað sem beitir eða hótar að beita ofbeldi, kemur fram með ógnandi eða ósæmandi hegðun eða hvers konar háttsemi, sem veldur röskun eða truflun á flokkun eða talningu atkvæða.

13. gr.

Móttaka atkvæðakassa og kjörgagna.

Yfirkjörstjórn tekur við atkvæðakössum og kjörgögnum frá kjördeildum. Skal hún bóka um það í gerðabók ásamt því hverjir afhenda gögnin.

Kjörstjórn tekur við atkvæðakössum frá kjörstjórum eftir nánara samkomulagi, sbr. 5. mgr. 77. gr. kosningalaga.

Hafi yfirkjörstjórn eða umdæmiskjörstjórn verið viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram á kjörstað strax að kjörfundi loknum er kjörstjórn heimilt að afhenda yfirkjörstjórn eða umdæmiskjörstjórn atkvæðakassa án þess að þeir séu innsiglaðir til viðbótar þeim innsiglium sem greinir í 2. mgr. 79. gr. kosningalaga.

Þegar yfirkjörstjórn tekur við atkvæðakössum skal hún ganga úr skugga um að þeir séu heilir og innsigli ósködduð. Umboðsmönnum er heimilt að vera viðstaddir afhendingu atkvæðakassa og að skoða frágang þeirra og innsigli.

14. gr.

Afstemming atkvæðakassa.

Áður en atkvæði eru flokkuð skulu atkvæði úr hverjum atkvæðakassa talin og fjöldi þeirra stemmdur af við fjölda kjósenda sem greitt hafa atkvæði samkvæmt uppgjöri og öðrum upplýsingum úr viðkomandi kjördeild. Í uppgjöri yfirkjörstjórna skal fjöldi atkvæða úr hverjum atkvæðakassa stemmdur af við fjölda afhentra atkvæðaseðla, ónotaðra atkvæðaseðla sem skilað er og þeirra atkvæðaseðla sem hafa ónýst.

Komi fram misræmi í fjölda atkvæða í kassa við skráðar athugasemdir og uppgjör í viðkomandi kjördeild skulu atkvæði talin að nýju. Ef a.m.k. tvær sjálfstæðar viðbótartalningar atkvæða staðfesta fjölda atkvæða í atkvæðakassa er yfirkjörstjórn heimilt að setja atkvæði í flokkun og talningu. Skal yfirkjörstjórn, eftir atvikum í samvinnu við viðkomandi kjörstjórn, leita skýringa á misræmi og bóka um hana ef talin er þörf á.

15. gr.

Blöndun atkvæðaseðla.

Eftir afstemmingu atkvæða úr atkvæðakassa skulu þeir tæmdir í hæfilega stórt ílát og skal þess gætt að atkvæðaseðlar frá einstökum kjörstöðum og kjördeildum blandist vel saman.

16. gr.

Flokkun atkvæða.

Eftir blöndun atkvæðaseðla skulu þeir teknir úr ílátinu og flokkaðir af starfsfólki.

Við alþingiskosningar og sveitarstjórnarkosningar skal flokka atkvæðaseðla eftir listabókstöfum sem við er merkt á hverjum seðli. Halda skal breyttum atkvæðaseðlum hvers lista fyrir sig aðgreindum. Einnig skal halda auðum atkvæðum og öðrum ógildum atkvæðum og vafaatkvæðum aðgreindum.

Við forsetakjör skal flokka atkvæðaseðla eftir frambjóðendum. Halda skal auðum atkvæðum og öðrum ógildum atkvæðum og vafaatkvæðum aðgreindum.

Við þjóðaratkvæðagreiðslur skal flokka atkvæðaseðla eftir svarkostum. Halda skal auðum atkvæðum og öðrum ógildum atkvæðum og vafaatkvæðum aðgreindum.

Atkvæði skulu að minnsta kosti flokkuð í tveimur umferðum. Tryggja skal að starfsfólk sem flokkar atkvæði í einni umferð komi ekki að flokkun sömu atkvæða í annarri umferð.

Að lokinni flokkun atkvæða og yfirferð skal talningarstjóri eða annar starfsmaður í talningu, sem talningarstjóri tilnefnir, flytja flokkuð atkvæði eftir merkingu framboðslista, frambjóðenda eða svar-kosta á afmarkaðan stað innan flokkunarrýmisins. Breyttir atkvæðaseðlar hvers framboðslista eru lagðir sérgreindir hjá viðkomandi lista. Gæta skal þess að vel sé skilið á milli atkvæða mismunandi framboðslista, framboða eða svarkosta þannig að þau blandist ekki saman.

17. gr.

Fyrirkomulag talningar atkvæða.

Þegar talning hefst skulu atkvæðaseðlar taldir í hæfilega bunka. Yfirkjörstjórn ákveður fjölda atkvæða í bunka, en bunkarnir skulu vel aðgreindir, s.s. með teygju. Atkvæðaseðlar sem ekki ná viðmiði heils bunka skulu settir í teygju og merktir með miða þar sem fjöldi atkvæða er tilgreindur.

Atkvæðaseðlar í bunkunum skulu því næst taldir á nýjan leik af öðrum starfsmanni. Atkvæðaseðlar skulu taldir þar til niðurstaða talningar í bunkunum er sú sama a.m.k. tvisvar sinnum.

Merkja skal hvern bunka eftir hverja talningu. Yfirkjörstjórn ákveður hvernig sú merking er.

Að lokinni talningu skal bunkum með atkvæðaseðlum komið fyrir á sérstökum stað fyrir talin atkvæði og fjöldi þeirra lagður saman. Fjöldi talinna atkvæða skal stemmdur við fjölda atkvæða sem komu til talningar hverju sinni. Yfirkjörstjórn skráir atkvæðabunka og niðurstöður talningar í skrá sem heldur utan um heildarfjölda talinna atkvæða. Niðurstöðu talningar skal síðan skrá í talningarskýrslur, sbr. IV. kafla.

18. gr.

Meðferð utankjörfundaratkvæða.

Yfirkjörstjórn tekur til úrskurðar utankjörfundaratkvæði sem hún hefur mótttekið á grundvelli 95. gr. kosningalaga. Umboðsmönnum er heimilt að vera viðstaddir úrskurði yfirkjörstjórnar.

Bóka skal í gerðabók hversu mörg utankjörfundaratkvæði eru tekin til greina, hversu mörg eru ekki tekin til greina og af hvaða ástæðu, sbr. 94. gr. kosningalaga. Landskjörstjórn skal útbúa fyrirmynd að bókun fyrir yfirkjörstjórnir til að nota í þessum tilgangi.

Atkvæðasending utan kjörfundar sem yfirkjörstjórn hefur úrskurðað að skuli tekin til greina skal send til talningar þar sem atkvæðið er tekið úr kjörseðilsumslagi og farið með samkvæmt ákvæðum 15.-17. gr.

19. gr.

Flokkun og talning atkvæða við óbundnar kosningar.

Um móttöku atkvæðakassa og afstemmingu við óbundnar kosningar skal fara skv. 13. og 14. gr.

Flokkun og talning atkvæða við óbundnar kosningar fer þannig fram að talin eru saman þau atkvæði sem hver einstaklingur fær. Nöfn á atkvæðaseðli skulu lesin upp og samtímis gætir annar starfsmaður þess að rétt sé lesið. Að minnsta kosti tveir starfsmenn skulu skrá hverjir hafa hlotið atkvæði. Atkvæði greitt einstaklingi sem hefur tilkynnt að hann skorist undan endurkjöri skal teljast ógilt atkvæði en atkvæði á sama atkvæðaseðli greitt öðrum einstaklingi verða ekki ógild af þeirri ástæðu.

Um úrslit óbundinna kosninga er fjallað í 118. gr. kosningalaga.

20. gr.

Vafaatkvæði og ágreiningsseðlar.

Yfirkjörstjórn og umdæmiskjörstjórn, ef hún hefur verið skipuð úrskurðar um gildi vafaatkvæða sem berast úr talningu skv. 102.-105. gr. kosningalaga. Umboðsmönnum er heimilt að vera viðstaddir úrskurði yfirkjörstjórnar. Úrskurða skal um vafaatkvæði jafnóðum og þau koma fyrir en þó ekki síðar en í lok hverrar talningarlotu. Þó er heimilt, ef umboðsmenn gera ekki athugasemd, að úrskurða um vafaatkvæði í fyrstu og annarri talningarlotu saman í lok síðari talningarlotunnar.

Nú kemur yfirkjörstjórn, eftir atvikum umdæmiskjörstjórn, og umboðsmönnum saman um að einhver kjörseðill sé ógildur og skal hann þá talinn ógildur.

Verði ágreiningur innan yfirkjörstjórnar um gildi kjörseðils skal afl atkvæða ráða úrslitum og atkvæðið talið í samræmi við úrskurðinn.

Við alþingiskosningar skulu ágreiningsseðlar milli yfirkjörstjórnar og umboðsmanna sendir landskjörstjórn sem leggur þá fyrir Alþingi sem úrskurðar um gildi þeirra. Við sveitarstjórnarkosningar sker yfirkjörstjórn úr.

Við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslu skulu ágreiningsseðlar milli yfirkjörstjórnar og umboðsmanna sendir landskjörstjórn sem úrskurðar um gildi þeirra. Sama gildir um kjörseðla sem ágreiningur er um innan yfirkjörstjórnar, en yfirkjörstjórnarmaður sem gerir ágreining við úrskurð meirihluta yfirkjörstjórnar getur gert grein fyrir ástæðu ágreinings.

Seðlar sem ágreiningur er um milli yfirkjörstjórnar og umboðsmanna í kosningum til Alþingis og við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslu skulu lagðir í sérstakt umslag og umslagið merkt eftir því hvort í því eru atkvæðaseðlar sem yfirkjörstjórn hefur úrskurðað gilda eða atkvæðaseðlar sem hún hefur úrskurðað ógilda. Á umslaginu skal tilgreina fjölda atkvæðaseðla. Með ágreiningsseðlunum skal fylgja skýring á úrskurði yfirkjörstjórnar skv. 102.-105. gr. kosningalaga og upplýsingar um þann ágreining sem umboðsmaður gerði um atkvæðaseðilinn. Landskjörstjórn skal útbúa fyrirmynd fyrir yfirkjörstjórnir til að nota í þessum tilgangi. Að talningu lokinni skal umslögum með ágreiningsseðlum

lokað með innsigli yfirkjörstjórnar og eiga umboðsmenn einnig rétt á að setja á þau innsigli sín. Ágreiningsseðlum skal haldið aðgreindum frá gildum og ógildum kjörseðlum.

Kjörseðlar sem ágreiningur er um innan yfirkjörstjórnar í forsetakjöri og þjóðaratkvæðagreiðslu skulu meðhöndlaðir á sama hátt og segir í 5. og 6. mgr.

Bóka skal í gerðabók hve margir kjörseðlar, sem teknir eru til úrskurðar, eru gildir og hvaða framboðslista, frambjóðanda eða svarkosti atkvæðið teljist greitt. Einnig skal bóka í gerðabók hve margir kjörseðlar teljist ógildir og af hvaða ástæðu.

Landskjörstjórn skal útvega yfirkjörstjórnnum leiðbeiningar um mat á vafaatkvæðum í kosningum.

21. gr.

Hlé gert á talningu.

Sé hlé gert á fundi yfirkjörstjórnar eða fundi hennar frestað á meðan talning stendur yfir skal yfirkjörstjórn tryggja að notaðir og ónotaðir kjörseðlar ásamt öðrum kjörgögnum séu varðveittir með tryggilegum hætti og fyrir luktum dyrum sem skulu innsiglaðar. Þetta á einnig við ef gert er hlé á milli skila á fyrri hluta talningarskýrslum og seinni hluta talningarskýrslum, sbr. 23. gr.

22. gr.

Niðurstöður talningar.

Þegar atkvæði hafa verið talin undir eftirliti umboðsmanna og kosningaeftirlitsmanna, ef við á, færir yfirkjörstjórn niðurstöðu talningarinnar í gerðabók. Skal þess getið sérstaklega hve margir atkvæðaseðlar eru auðir og hve margir ógildir og hver kjörsókn var.

Yfirkjörstjórn getur ákveðið, meðan á talningu stendur, að tilkynna um framvindu talningar og gefa upp tölur í því skyni. Bóka skal uppgefnar millitölur talningar í gerðabók.

IV. KAFLI

Talningar- og kosningarskýrslur.

23. gr.

Talningarskýrslur við alþingiskosningar.

Að lokinni talningu atkvæða skal yfirkjörstjórn kjördæmis skila fyrri hluta talningarskýrslu til landskjörstjórnar með upplýsingum um atkvæðafjölda hvers framboðslista, fjölda greiddra atkvæða og fjölda auðra og annarra ógildra seðla.

Á grundvelli talningarskýrslna skv. 1. mgr. skal landskjörstjórn reikna skiptingu kjördæmissæta og jöfnunarsæta til framboðslista skv. 109. og 110. gr. kosningalaga.

Þegar landskjörstjórn hefur lokið útreikningi skv. 2. mgr. skulu yfirkjörstjórnir skila landskjörstjórn seinni hluta talningarskýrslu þar sem fram koma atkvæðatölur frambjóðanda í einstök sæti eftir að tekið hefur verið tillit til breytinga kjósenda á röð frambjóðenda, sbr. 112. gr. kosningalaga. Seinni hluta talningarskýrslu skal að jafnaði skila eigi síðar en daginn eftir kjördag.

Að fengnum seinni hluta talningarskýrslum úr öllum kjördæmum skal landskjörstjórn útbúa kosningarskýrslu um niðurstöður kosninganna, úthlutun þingsæta við alþingiskosningar og yfirlit yfir þingmenn og varaþingmenn eftir kjördæmum. Jafnframt skal í skýrslunni gerð grein fyrir því hvernig minnsta mögulega hreyfing atkvæða hefði getað haft áhrif á úrslit kosninganna og úthlutun þingsæta.

Landskjörstjórn skal einnig útbúa kosningarskýrslu um úrslit kosninganna í hverju kjördæmi fyrir sig, þegar tekið hefur verið tillit til breytinga kjósenda á röð frambjóðenda.

Kosningarskýrslurnar skulu lagðar fyrir landskjörstjórn til samþykktar á úthlutunarfundi skv. 108. gr. kosningalaga og að því loknu birtar á vef landskjörstjórnar.

Landskjörstjórn skal tilkynna hinum kjörnu þingmönnum og varaþingmönnum um úrslit kosninganna og að þeir hafi hlotið kosningu til setu á Alþingi. Tilkynninguna má senda í stafrænt pósthólf á vegum stjórnvalda, sbr. lög um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.

Landskjörstjórn ákveður form talningarskýrslna og lætur yfirkjörstjórnnum í té. Talningarskýrslur geta verið á rafrænu formi.

24. gr.

Kosningaskýrsla við sveitarstjórnarkosningar og yfirlýsing um kosningaúrslit.

Þegar yfirkjörstjórn hefur lokið talningu og tekið saman atkvæðafjölda hvers framboðslista, fjölda greiddra atkvæða, fjölda auðra og annarra ógildra seðla og reiknað út kosningaúrslit skv. XVII. kafla kosningalaga skal hún skrá niðurstöðuna í kosningaskýrslu. Landskjörstjórn ákveður form kosningaskýrslna og lætur yfirkjörstjórnnum í té. Kosningaskýrsla getur verið á rafrænu formi.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags skal tilkynna hinum kjörnu aðalfulltrúum og varamönnum um úrslit kosninganna og að þeir hafi hlotið kosningu til setu í sveitarstjórn. Tilkynninguna má senda í stafrænt pósthólf á vegum stjórnvalda, sbr. lög um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Jafnframt skal yfirkjörstjórn senda nýkjörinni sveitarstjórn greinargerð um úrslit kosninganna.

Jafnskjótt og tilkynning skv. 2. mgr. hefur verið send skal yfirkjörstjórn sveitarfélags lýsa úrslitum kosninganna með því að birta á vef sveitarfélagsins upplýsingar um úrslitin og hverjir náðu kosningu sem aðalmenn og hverjir varamenn.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags skal innan þriggja daga frá því að úrslitum er lýst skila landskjörstjórn kosningaskýrslu skv. 1. mgr. þar sem gerð er grein fyrir úrslitum kosninganna, sbr. XVII. kafla kosningalaga, heildarfjölda greiddra atkvæða og fjölda auðra og annarra ógildra seðla. Landskjörstjórn skal birta kosningaskýrslurnar á vef sínum.

25. gr.

Kosningaskýrsla forsetakjörs og þjóðaratkvæðagreiðslna.

Að lokinni talningu atkvæða skal yfirkjörstjórn kjördæmis senda landskjörstjórn talningarskýrslu um niðurstöðu talningar ásamt ágreiningsseðlum. Landskjörstjórn ákveður form talningarskýrslu og lætur yfirkjörstjórnnum í té. Talningarskýrslan getur verið á rafrænu formi.

Þegar landskjörstjórn hefur fengið í hendur gögn yfirkjörstjórna auglýsir hún með 14 daga fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman til fundar til að úrskurða um gildi ágreiningsseðla og lýsa úrslitum kosningarinnar til að forsetaefnum og umboðsmönnum gefist færi á að vera viðstaddir.

Á fundi, sbr. 2. mgr., tilkynnir landskjörstjórn um niðurstöður forsetakjörs eða þjóðaratkvæðagreiðslu. Í kjölfarið auglýsir landskjörstjórn úrslitin og gefur út kosningaskýrslu um niðurstöðuna og birtir hana á vef sínum.

V. KAFLI

Frágangur að lokinni talningu.

26. gr.

Varðveisla og eyðing gagna.

Um varðveislu og eyðingu gagna að lokinni talningu er kveðið á um í reglugerð um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar.

VI. KAFLI

Gildistaka.

27. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. mgr. 81. gr., 4. mgr. 99. gr. og 6. mgr. 105. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og tekur þegar gildi. Við gildistöku reglugerðar þessara fellur úr gildi reglugerð um talningu atkvæða nr. 431/2022.

Dómsmálaráðuneytinu, 8. apríl 2024.

Guðrún Hafsteinsdóttir.

Haukur Guðmundsson.